

UMSÖGN

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framsetningu lista fyrir móttökur

Á fundi forsætisnefndar 3. september 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins þakkar svarið og leggur til í framhaldi að í hvert skipti sem boðið er til móttöku að fram komi tilefnið og hvernig það þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga og/eða samræmist hlutverki Reykjavíkur sem höfuðborgar og hvernig það sé í samræmi við samþykktu stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Ennfremur er óskað eftir þegar boðið er til móttöku að fram komi upplýsingar um áætlaðan kostnað og fljótlega eftir að viðburði líkur eða í næsta yfirliti sem lagt er fram komi þá endanlegur kostnaður vegna sérhverrar móttöku.

Með bréfi dagsettu 22. nóvember 2019 var tillagan send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Allar samþykktar móttökur eru metnar í samræmi við hagsmuni borgarinnar og hlutverki hennar sem höfuðborgar. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara setur sig ekki upp á móti að listum yfir beiðnir um móttökur fylgi upplýsingar um hvernig móttakan þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að upplýsingar um endanlegan kostnað móttaka séu lagðar fyrir forsætisnefnd.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir